	Hafnarfjarðarbær
Innk:	20/3 2015
Málsnr:	1502097
Bréfal:	327



Hafnarfjarðarkaupstaður  
Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

## INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 7 101 Reykjavík  
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340  
postur@irr.is  
innanrikisraduneyti.is

Reykjavík 18. mars 2015  
Tilv.: IRR15030053/18.13.3

Ráðuneytið vísar til erindis bæjarstjóra Hafnarfjarðarkaupstaðar frá 2. þ.m., sbr. samþykkt bæjarráðs 12. febrúar sl., þar sem óskað er álits ráðuneytisins á því „...hvort framkvæmd breytinga á reglum um sérstakar húsaleigubætur hafi verið í samræmi við lög, samþykktir eða reglur sem kunna að eiga við um slíkar ákvarðanir“.


Í erindinu er list aðdraganda þess að viðmið vegna sérstakra húsaleigubóta var hækkað úr rúmlega 47.000 kr. í 58.000 kr. í forsendum fjárhagsáætlunar bæjarins fyrir árið 2015, sbr. greinargerð með áætluninni. Þá segir þar að bæjarstjórn hafi á fundi sínum 18. febrúar sl. samþykkt að draga til baka „...að sinni ákvörðun um breytingu á sérstökum húsaleigubótum sem samþykkt var í fjárhagsáætlun fyrir árið 2015...“. Þær spurningar sem hér vakna snúa annars vegar að því hvort ákvörðun sérstakra húsaleigubóta í Hafnarfjarðarkaupstað fyrir árið 2015 og sú breyting sem gerð var á henni 18. febrúar sl. hafi verið í samræmi við þær reglur sem á því sviði gilda og hins vegar hvort ákvörðun bæjarstjórnar 18. febrúar hafi kallað á breytingar á fjárhagsáætlun bæjarins fyrir árið 2015.

Um greiðslu húsaleigubóta, þ.m.t. sérstakra húsaleigubóta, fer eftir lögum nr. 138/1997 um húsaleigubætur, sbr. einnig ákvæði laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, og þurfa ákvarðanir sveitarfélaga á þessu sviði að samræmast reglum þessara laga sem og reglugerðum sem settar hafa verið á grundvelli þeirra. Velferðarráðuneytið fer með lög á þessu sviði og hefur jafnframt eftirlit með því að sveitarfélög veiti lögboðna félagsþjónustu, sbr. 3. gr. síðarnefndu laganna. Með vísan til þess er fyrirspurninni vísað til velferðarráðuneytisins að því er varðar form og efni reglna Hafnarfjarðarkaupstaðar um húsaleigubætur. Það skal hins vegar tekið fram að teljist ákvarðanir bæjarins á þessu sviði ekki samræmast ákvæðum laga og reglna kann að reyna á almennt stjórnsýslueftirlit innanríkisráðuneytisins skv. XI. kafla sveitarstjórnarlaga, að því leyti sem öðrum stjórnvöldum á vegum ríkisins hefur ekki verið falið það eftirlit með beinum hætti.


Hvað varðar hugsanlegar breytingar á fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar fyrir árið 2015 telur ráðuneytið rétt að áréttu þær meginreglur um bindandi áhrif ákvörðun um fjárhagsáætlun, sem fram koma í 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Segir þar m.a. í 1. mgr. að ákvörðun sem sveitarstjórn tekur skv. 1. mgr. 62. gr. um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins. Þá segir í 2. mgr. að óheimilt sé að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á það við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktri áætlun.

Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga fer með almennt eftirlit með því að fjármál og fjármálastjórn sveitarfélaga séu í samræmi við lög og reglur, sbr. 79. gr. sveitarstjórnarlaga, og er því fyrirspurninni vísað til nefndarinnar að þessu leyti. Með sama hætti og áður hefur verið rakið kann einnig að reyna á almennt stjórnsýslueftirlit innanríkisráðuneytisins teljist ákvarðanir Hafnarfjarðarkaupstaðar hafa farið á svig við framangreindar meginreglur sveitarstjórnarlaganna um bindandi áhrif fjárhagsáætlunar.

Fyrir hönd ráðherra



Hermann Sæmundsson



Ólafur Kr. Hjörleifsson

Ljósrit: Velferðarráðuneytið  
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu  
101 Reykjavík

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga